

# Leiðtogar Póllands og nýfasistar marséruðu saman um götur Varsjá

12. nóvember 2018

Jón Bjarki Magnússon

STUNDIN

Forseti og forsætisráðherra Póllands marséruðu í gær með nýfasistum og öðrum öfgahægrímönnum um götur Varsjár í fjöldasamkomu Þjóðernissinna. Setti svartan blett á hátíðarhöld vegna hundrað ára sjálfstæðis landsins.

Forseti Póllands, forsætisráðherra og aðrir helstu leiðtogar landsins, fylktu liði með nýfasistum og öðrum Þjóðernissinum sem marséruðu eftir götum Varsjár í gær, sunnudag, til að fagna hundrað ára sjálfstæði landsins. Þetta er í fyrsta skipti sem leiðtogar landsins stilla sér upp með hægri öfgamönnum í hinni svokölluðu Sjálfstæðisgöngu sem pólskir nýfasistar og hægri öfgamenn hafa skipulagt og sameinast í þann 11. nóvember ár hvert allt frá árinu 2010. Systursamtök víðsvegar að úr Evópu tóku þátt í göngunni í ár, þar á meðal meðlimir úr ítölsku nýfasistasamtökunum Forze Nuova.

Sjálfstæðisgangangan hefur vakið athygli alþjóðlegra fjölmiðla á borð við Al Jazeera, BBC og Euronews. „Pólskir ráðamenn marséra með Þjóðernissinum á fullveldisdaginn,“ segir í fyrirsögnum Al Jazeera, U.S. News og Fox News á meðan The Times of Israel og New York Times leggja áherslu á að pólskir ráðamenn hafi tekið þátt í göngunni með öfgahægrímönnum. „Þjóðernissinnar sem kveiktu í blysum og héldu uppi merkjum fasista marséruðu á sama tíma og pólskir stjórnálamenn,“ segir í frétt Guardian.

Í umfjöllun blaðsins kemur jafnframt fram að margir þátttakendur hafi einungis komið til þess að fagna fullveldi landsins og vilji ekki láta tengja sig við hópa öfgahægrímanna. Ljóst þykir að samkomulag pólskra ráðamanna og hægri öfgamanna um að þeir fyrrnefndu myndu leiða gönguna á meðan hinir fengju að fylgja á eftir, hafi sett svartan blett á hátíðarhöldin.

## Borgarstjóri bannaði gönguna

Borgarstjóri Varsjár, höfuðborgar Póllands, hafði lagt blátt bann við göngunni sem á sér ofbeldisfulla sögu en pólskir dómstólar ógiltu bannið. Nýnasistar héldu uppi borðum og skiltum með skilaboðum um „Hvíta Evrópu,“ og kröfum um að Evrópa yrði eftirleiðis einungis fyrir Evrópubúa. Sumir brenndu fána Evrópusambandsins. Heyra mátti hatursfull slagorð gegn innflytjendum og flóttamönnum auk þess sem helför þýskra nasista gegn gyðingum var af einhverjum hafnað sem sögufölsun. Þá voru óvinir pólska ríkisins sagðir rétttræpir á meðan ákveðnir pólskir fjölmiðlar voru tilgreindir sem þessir óvinir.

Einhverjir mættu þó á gönguna sérstaklega til þess að mótmæla uppgangi fasisma. Forseti landsins, Andrzej Duda, hefur sagt að gangan hafi farið friðsamlega fram. Þá hafa yfirvöld hafnað því að fánar og merki nýnasista hafi verið áberandi í göngunni þrátt fyrir lýsingar og myndefni sem sýnir fram á annað.

## Gangan aldrei stærri

Sjálfstæðisgangangan hefur aldrei verið stærri en um það bil 200 þúsund manns tóku þátt að þessu sinni, þar á meðal fjölskyldufólk. Það eru mun fleiri en fyrir ári síðan þegar 60 þúsund manns tóku þátt, en þá var talað er um gönguna sem einhverja stærstu samkomu Þjóðernissinna og öfgahægrímanna í gjörvöllum heiminum á okkar tímum.

Víst þykir að þátttaka og stuðningur helstu leiðtoga Póllands hafi spilað stórt hlutverk í því hve margir tóku þátt nú en forseti landsins, Andrzej Duda, hvatti alla Þjóðholla Pólverja til þess að mæta og taka þátt auk þess sem hann hélt sjálfur ræðu á hátíðarhöldunum. Þá voru Mateusz Morawiecki, forsætisráðherra landsins, og aðrir ráðherrar úr röðum ríkisstjórnarflokksins Lög og Réttur, á meðal þeirra sem leiddu gönguna.

Fréttastofa breska ríkisútvarpsins, BBC, greinir frá því að stjórnarandstæðingar hafi hvatt stuðningsmenn sína til þess að sniðganga gönguna en einhverjir munu þó hafa farið til að lýsa yfir andúð sinni á uppgangi Þjóðernishyggju og nýnasisma.

Sem fyrr segir þá bannaði borgarstjóri Varsjár, Hanna Gronkiewicz-Waltz, sjálfstæðisgönguna síðastliðinn miðvikudag með vísan til hinnar ofbeldisfullu sögu hennar. Bannið væri til þess gert að vernda öryggi íbúa Varsjár sem hefðu í gegnum söguna þjádst nóg vegna ofbeldisfullra þjóðernissinna.

Forseti landsins, Andrzej Duda, brást við banninu með því að skipuleggja og auglýsa nýja göngu á vegum ríkisins sem hann og aðrir leiðtogar ríkisstjórnarinnar myndu leiða. Athygli vakti að þeir hugðust ganga nákvæmlega sömu leið og nýnasistarnir hafa gengið síðustu ár. Þegar pólskir dómstólar komust svo að þeirri niðurstöðu að ógilda bann borgarstjórans varð ljóst að leiðtogar Póllands og nýnasistar myndu sameinast í stærstu sjálfstæðisgöngunni til þessa.

„Samstarf ríkisstofnana og öfgamanna úr röðum róttækra þjóðernissinna veitir hættulegri og öfgafullri þjóðernissinnaðri hugmyndafræði ákveðið lögmæti, og speglar þá krísu sem steðjar að lýðræðinu“

## **Margir í áfalli**

Margir Pólverjar eru í áfalli vegna þess sem er að gerast í Póllandi og varð svo sýnilegt á sunnudag. Rafal Pankowski, félagsfræðingur hjá háskólanum Collegium Civitas í Varsjá og stofnandi andrasísku samtakanna Never Again, sagði að þetta samkomulag og samstarf ríkisstjórnarinnar og hægri öfgamanna ylli honum og fleiri Pólverjum áhyggjum. „Samstarf ríkisstofnana og öfgamanna úr röðum róttækra þjóðernissinna veitir hættulegri og öfgafullri þjóðernissinnaðri hugmyndafræði ákveðið lögmæti, og speglar þá krísu sem steðjar að lýðræðinu,“ sagði hann í samtali við Al Jazeera.

Pólskur viðmælandi Stundarinnar líkir atburðinum við stríðsyfirlýsingu á hendur lýðræðislega sinnuðum Pólverjum. Vinir hennar sem mætt hafi á gönguna til að mótmæla því sem fram fór hafi hreinlega grátið yfir því sem þeir urðu vitni að. Þá sé hún sjálf mun áhyggjufyllri en áður yfir því hvert Pólland og Evrópa sé að stefna. Leiðtogar Póllands úr ríkisstjórnarfloknum Lög og Réttur hafa að undanfögnu verið gagnrýndir fyrir að vega að sjálfstæði dómstóla landsins og þrengja að lýðræðislegum stofnunum eins og fjölmiðlum. Þá hafa þeir verið gagnrýndir fyrir harða þjóðernisstefnu sem birtist meðal annars í orðræðu þeirra gagnvart innflytjendum og flóttamönnum.

Joachim Brudzinski, innanríkisráðherra Póllands, tvítaði að um 200 þúsund manns hefðu sótt gönguna í ár, mun fleiri en þeir 60 þúsund sem marséruðu í fyrra. Sem fyrr segir er þetta í fyrsta skipti sem leiðtogar pólska ríkisins taka þátt í sjálfstæðisgöngunni sem hefur verið skipulögð af pólskum þjóðernissinum allt frá árinu 2010 og hefur vakið athygli fyrir þau ofbeldisfullu skilaboð sem þar er haldið á lofti gegn útlendingum, samkynhneigðum og þeim sem sagðir eru vera óvinir ríkisins.

[https://stundin.is/grein/7815/leidtogar-pollands-marsera-med-nynasistum/?fbclid=IwAR0SR3ovEl-yUXUttG6daRBn65FyPFe8oDSisF2\\_9Mn-0MG7e2ZjLUSuEU](https://stundin.is/grein/7815/leidtogar-pollands-marsera-med-nynasistum/?fbclid=IwAR0SR3ovEl-yUXUttG6daRBn65FyPFe8oDSisF2_9Mn-0MG7e2ZjLUSuEU)